

Sp.

## 53. Tillaga til þingsályktunar

[52. mál]

um endurbyggingu raflínukerfisins í landinu.

Flm.: Jón Helgason, Halldór Ásgrímsson, Ingi Tryggvason, Ásgeir Bjarnason, Steingrímur Hermannsson, Guðrún Benediktsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar gera áætlun um endurbyggingu raflínukerfisins í landinu, bæði stofn- og dreifilínur. Áætlunin verði miðuð við það, að á næstu 4—6 árum verði byggt upp fullnægjandi línukerfi, svo að hægt verði að anna eftirspurn eftir raforku til iðnaðar, húshitunar og annarra nota með nægjanlegu öryggi fyrir notendur um allt land.

### Greinargerð.

Á undanförnum áratugum hefur verið unnið að rafvæðingu landsins frá samveitum og við framkvæmd þess verks það sjónarmið fyrst og fremst haft í huga að raforkan komist sem fyrst til allra landsmanna. Nú er þetta markmið að nást, og við þær aðstæður, sem hér hafa verið, munu flestir sammála um að þessi stefna var rétt.

En það leiddi hins vegar til þess, að reynt var að teygja línukerfið sem lengst með sem minnstum tilkostnaði, enda þótt afleiðingin yrði að styrkleiki þess og öryggi fyrir notendur yrði í lágmarki.

Það er því augljóst, að um leið og nú er tekinn lokaspretturinn við að koma rafmagninu til allra landsmanna, þá verði nú þegar að gera áætlun um endurbyggingu línukerfisins á sem allra skemmstum tíma og framkvæmdir við það hafnar þegar á næsta ári.

Ástæður þess eru augljósar. Margföldun oliuverðs á síðustu árum á tvímæla-laust mestan þátt í hinni ört vaxandi eftirspurn eftir raforku, sérstaklega til upphitunar húsa. Þrátt fyrir miklu meiri möguleika á notkun jarðhita til upphitunar en fram að þessu hefur verið talið koma til greina, þá er augljóst að nokkur hluti þjóðarinnar getur ekki notað hann, annaðhvort vegna strjálbýlis eða of mikillar fjarlægðar frá jarðhitasvæðum. Þar sem þannig hagar til er nauðsynlegt að næg raforka verði fyrir hendi. Og áriðandi er að athuga á hvern hátt er hagkvæmast að nýta raforkuna til upphitunarinnar, og hlýtur slík athugun að vera einn liður í þeirri áætlun, sem þessi þáttill, kveður á um að verði gerð.

Samhliða þessari auknu raforkunotkun leiddi hækkun oliuverðsins til þess, að rekstur dísilknúinna rafstöðva varð ákaflega óhagkvæmur. En slíkar stöðvar voru víða reistar þegar önnur raforka var ekki fyrir hendi.

En hið veika raflínukerfi, bæði aðallínur og dreifikerfi, hefur víða enga möguleika til að anna þessari eftirspurn, svo að nú hefur sums staðar skapast vandæða-ástand þar sem ekki er unnt að sinna brýnni þörf. Þar sem svo er ástætt, þola úrbætur enga bið.

En jafnframt áætlun um að auka flutningsgetu línukerfisins, þarf að styrkja það og gera það öruggara, m. a. með því að hringtengja það sem víðast, svo að orkan komi úr tveimur áttum og ekki saki þótt lína rofni á einum stað. Enn fremur þurfa línurnar að verða 3-fasa, þar sem það er t. d. undirstaða iðnaðar og hagnýtingar nútímataekni í landbúnaði.

Eins og fyrr segir er raforkuskortur víða að verða svo mikill að tafarlausar aðgerðir eru óhjákvæmilegar. En nauðsynlegt er að það verði unnið skipulega að því og það markmið haft í huga þegar í upphafi, að rafmagnsmálunum verði komið í viðunandi horf um allt land á næstu árum.

Sérstaklega er ástæða til að benda á þetta nú, þar sem horfur eru á, að þegar á næsta ári verði næg raforka til í landinu, og því augljóst að næsta skrefið hlýtur að vera að gera stórt átak í dreifingu hennar. Og miðað við þær fjárhæðir, sem varið hefur verið til byggingar orkuveranna, ætti það ekki að verða óviðráðanlegt verkefni, enda forsenda þess, að þær framkvæmdir komi að fullum notum.